

LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík.
Frákvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórnar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnarson. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.




Forsíðan

Myndin er af Brynhildi Þorgeirsdóttur, sem hér er ásamt einu verka sinna á sýningu á Kjarvalsstöðum. Brynhildur er frá Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi, en hefur dvalið langdvölum í New York. Hún hefur starfað hér heima síðan í júní og haft starfsaðstöðu á Korpúlfsstöðum. Menningarmálanefnd Reykjavíkur bauð henni að halda þessa sýningu, sem standa mun út allan nóvembermánuð.

Ljós. Lesbók/Porkell

Rætur

Íslenzkrar menningar eru ekki bara úr austri og suðri, heldur ná sumar nokkuð norðarlega, eða til Sama, sem forfedur okkar í Noregi álitu að væru hálfgerð tröll og svo göldróttir, að Norðmönnum stóð stuggur af þeim. Um þetta efni skrifar Hermann Pálsson í Edinborg.



Vor

á síðsumri í Prag, heitir grein eftir Ólaf Pál Jónsson, sem var þar á ferðinni í ágúst, þegar hægt var í fyrsta sinn að minnst þess opinberlega, þegar sovétstjórnin batt endi á „vorið í Prag“, sem svo hefur verið nefnt.

Eskimóar

Með sýningu á Kjarvalsstöðum erum við erum minnt á tilvist eskimóa við Beringsundið í Alaska. Þetta er fróðleg sýning á nytja- og tilbeiðsluhlutum, sem voru partur af daglegri tilveru þessa náttúrufólks. Lesbók hefur átt samtalið við William Fitzhugh, sem kom hingað og hélt fyrirlestur um líf og list þessa fólks.



PÄR LAGERKVIST

Litið um öxl

Sigurjón Guðjónsson þýddi.

*Lít til baka, gömlum augum sé ég sjálfan mig.
Allt er svo löngu liðið.*

Grytt gata

*með lúnum uxum sem langar heim að kvöldi,
hlæss, gamalt hjólfar, grár gaflinn á bænum
með ljós í einum glugga.*

Votengið við ána

og yfir vatninu dimm þokan.

Lífsbáturinn

*Brátt vitjar dauði þín, þér dylst það að þú líður
á lífsins báti burt að öðrum löndum,
á móðuströndum morgunninn þín bíður.*

*Óttast ei. Lát þér ei bregða
við burtfarartímann.*

*Holl og örugg hönd sér um
segl bátsins,*

*sem flytur þig burt frá storð aftans
til ároðans lands.*

*Gakk kvíðalaus inn í
kyrrð strandarinnar
mjúkan ganginn um
gras rökkursins.*

Pär Lagerkvist f. 1891 var eitt af höfuðskáldum Svía á þessari öld. Hann fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1951 og átti lengi sæti í Sænsku akademíunni.

R A B B

Jón Aðalsteinn Jónsson minnst á orðin fót og löpp, höfuð og haus, í dálkum sínum í Mbl. 7. og 14. X. Ríkisfréttamaður hafði sagt Frakklandsforseta forugan í lappirnar. Jón segir og frá því, að í sjúkrahúsi hafi fótur virzt nær óþekkt orð; „háir sem lágir“ töluðu alltaf um lappir. Það er líka ótækt, sem Jón dreipur á, að ríkisfréttamenn smjatti á því, að fyrirtæki fari á hausinn. Í slíku orðalagi felst fyrirliðningur og fordæmingartónn, er þurrkar samstundis út í eyrum hlustenda hinn fna hlutleysisanda, sem sagður er svifa yfir höfðum (hausum?) ríkisfréttahöfundu. Þótt þá langi stundum til þess að vera „pínulítið plebbalegir“ (þeir halda, að þá séu þeir „notalega alþýðlegir“), mega þeir ekki óhreinka hlutleysisgloríuna sína.

Fyrir nokkrum árum fór ég í vikuférfé með níu ferðafélögum, öllum á þritugsaldri. Að morgni fyrsta dags heyrði ég sagt: „Eigum við ekki að labba út í rútuna?“ Mér datt í hug að hlusta grannt eftir því, hve oft þetta unga fólk myndi nota sögnina „að ganga“ í ferðalaginu. Að kveldi hins sjöunda dags hafði ég aldrei heyrt hana nema í samböndum eins og „þetta gengur ekki“. Sögnin „að labba“ glumdi hins vegar í eyrum mér alla daga (sé hægt að segja, að svo vesælt orð geti glumdið), þótt ég, af ásettu ráði, notaði „að ganga“ eins oft og ég framast treystist til. Sagt er, að fordæmi sé fyrirlesturum og predikunum máttugra, en ekki ásannaðist það hér.

Gömul saga rifjast upp. Fadur minn hafði verið sendur eftir kúnum á bæ einum í Hvítársíðu skömmu eftir aldamót. Maður kom ríðandi á móti honum og reiddi með sér skrifpúlt, sem einnig var geymsla undir bækur og skriffæri, nú oftast nefnd ritföng. Þeir kynntu sig, og kvaðst maðurinn heita Brynjúlfur, vera Jónsson og kenndur við Minna-Núp. Föður mínum þótti allmikið til koma, því að hér var kominn höfundur „Sögunnar af Þuríði formanni og Kambsránsmönnum“. Brynjúlfur rakti nú ættir drengsins austur um Hreppa og Rangárvelli í löngu máli. Ekki fór hann af baki, meðan hann þuldi. Loks spurði hann: „Hvert er þú að fara, Þórður?“ Drengurinn þótti gott

Reisn eða flatneskja

ad vera ávarpaður með nafninu einu, eins og tíðkaðist meðal fullorðinna (fermdra), en ekki t.d. „drengur minn“ eða „væni minn“. Hann ofmetnaðist því og svaraði borginmannlega: „O, ég er nú bara að fara að sækja beljurnar“. Hann hafði heyrt pílta taka svo til orða og hélt víst, að sjálfur yrði hann eitthvað eldri við að bera sér slík orð í munn. Brynjúlfur brá svo, að nú fyrst fór hann af baki. Hann áminnti drenginn um það, að hann mætti ekki segja „bara“ um starf, sem honum væri trúað fyrir, og hann mætti aldrei óvirða kýrnar með beljuheiti, þessar blessaðar skepnur, sem guð hefði sent okkur til þess að fæða okkur og klæða. Drengurinn vissi reyndar, að þetta óvirðingarorð átti ekki að nota, og því varð ádrepan sárari. Þennan atburð mundi hann æ síðan og rifjaði stundum upp af ýmsu tilefni. — Fyrir nokkrum dögum hitti ég fólk, sem komið er af Brynjúlfri í þriðja, fjórða og fimmta lið. Það vissi, að hann mátti ekki heyra matardiska sagða óhreina, hvað þá skítuga. Þeir gátu aðeins orðið mötugir. — Þarna hafa þá fordæmi haft áhrif langt fram í tímann, enda fylgdi predikun með. (Þessi eljusami fræðimaður átti það sammerkt með öðrum slíkum að geta ekki eignast allar bækur, sem hann þurfti að nota. Þá voru bækurnar fengnar að láni og skrifadar upp. Eintak Brynjúlfs af Árbókum Espólíns hefur t.d. verið mjög vanheilt, en hann hefur skrifað upp kafla og blöð, sem vantaði, og bundið inn með hinu prentaða. Stundum mátti hann ekki vera að því að lesa þær bækur, sem þó voru til, sbr. vísu hans: Upp á hillu hugur minn / hvarflar oft í vetur, / þar sem hvíla kinn við kinn / Kapítóla og Pétur. — E.t.v. hefur hann þó haft eitthvað annað í huga um þessa sambúð Kapítólu og Péturs biskups. — Nokkrum áratugum síðar hringja íslenzkir unglingar í bókabúð í Kaliforníu og kaupa bækur með því að nefna greiðslukortanúmer. Þær eru svo hraðsendar

með flugvélum. Eini strandstaðurinn á leiðinni er hin menningarfrjandsamlega stífla, sem fjármálaráðuneytið hefur reist í tollpóststofunni, þar sem það lætur sér sæma að fornum síð austrænum að skattleggja innfluttar bækur. — Unglingarnir geta líka notað símtölvupjónustu eða gagnaflutningsnet og fengið í símbrefi þær blaðsíður, sem þeir þurfa að lesa í ákveðnum bókum).

Ég er að segja þessar sögur af Brynjúlfri til þess að sýna, að ekki er sama, hvaða orð eru notuð, og að þeir, sem tala og skrifa á almannaferi, geta haft áhrif á þróun máls til góðs eða ills. Málið breytist eðlilega með tímanum. Í Skýrslu um Hinn lærða skóla í Reykjavík, skólaárið 1862-1863, segir Jón Þorkelsson í upphafi ritgerðar „Um r og ur í niðrslagi orða og orðstofna í íslenzku“: „Svo sem allir aðrir hlutir, svo eru og málin sífeldum breytingum undirorpin. Ekkert mál getur staðið í stað öldungis óbreytt, svo lengi sem það lifir, er talað, eða bæði talað og ritað af heilli þjóð. Hver öld hefir sitt orðfæri, sín orðaltækni og sína stafsetning...“ Ekki er sama, hvernig málið breytist, og hver ferðinni ræður. Hinir áhrifamestu fjölmiðlungar, sítalandi í bunustokkarásam sínum, eru því miður margir illa máli farnir. Slíkt hefur skjót áhrif á þessum tímum. Röng notkun orðs er skyndilega orðin rétt í hugum hlustenda. Þeir hafa vanið henni óafvitandi. Mér fannst áður, að slík breyting til hins verra tæki nokkur ár, en nú hef ég sannreynt, að vansköpun tungunnar getur gerzt á fáeinum mánuðum, þegar flestir fjölmiðlar tæka sig saman um vitleysuna (ekki endilega af ásetningu, heldur hugsunarleysi, þekkingarleysi og hirðuleysi). Ekki vantar þó uppræðsluna. Margsinnis hefur verið bent á algengustu ambögurnar í leiðbeiningarskrifum og útvarpsþáttum, sem vænta mátti, að þetta fólk læsi og hlustaði á starfsheidurs

síns vegna a.m.k. Mikið leiðbeiningarstarf er unnið, en oft verður einhver ambagan algengari einmitt rétt eftir að gegn henni hefur verið snúizt. Eitt dæmi af mörgum: Sverrir Páll fjallar um ýmsar vitleysur í grein í Mbl. 21. X., en sama kvöld og næstu daga dynja sömu ambögur á hlustendum í sjónvarps- og útvarpsrásum. Þeir, sem eiga að njóta fræðslunnar, virðast yfir það hafnir að sinna henni. Gísli Jónsson, Jón Aðalsteinn Jónsson o.fl. skrifa í Mbl. Í RÚV höfum við þættina um daglegt mál, tvítækna. Þeir hafa verið misgóðir eftir flytjendum, en nú um nokkurt skeið hafa þeir verið í ágætri umsjón Marðar Árnasonar. Fer honum svo sannarlega betur að koma fram sem einn þrúður burtreiðarriddari vorrar göfugu frúar, Íslenzkunnar, en sem marskálkur við stall Rauðs ráðgjafa í Rentukammersmusteri Ríkismammons. Ekki virðast fjölmiðlungar lesa hið góða kver Helga Hálf-danarsonar, „Gætum tungunnar“, eða hina ágætu bók Árna Böðvarssonar, „Málfar í fjölmiðlum“, sem út kom í fyrra og ætti að vera skyldulesning blaðamanna. Í þeirri bók og tímaritinu Tungutaki, sem Árni ritstýrir, er að finna leiðréttingar á næstum öllum vitleysum, sem halda þó áfram að vaða uppi. Fjölmiðlungar virðast hvorki nýta sér bókina né tímaritið, enda vottar stundum fyrir mæðutóni hjá Árna. Þetta sýnist vonlaust verk. Smá-dæmi um hraða útbreiðslu aulatzku í orðfæri: Fjölmiðlar eru hættir að bjóða okkur nokkurn skapaðan hlut, heldur bjóða þeir okkur upp á e-ð. Þeir, sem tilreiða efni handa almúganum, hirða ekki um leiðbeiningar, þar sem varað er við þessari ofnotkun, því að fremur færast þetta í vöxt en hitt. Nú um daginn kom flennifyrirsögn í Mbl.: „Boðið upp á leigumæður“. Groddarnir, sem búa í hinum ómerkilega, tilvistarkreppa og dónalega reynsluheimi karla, fóru að hugsa eitthvað skrítið, en urðu fyrir vonbrigðum og sátu fullir sorgar og sútar, þegar neðar var lesið um leigumæður þessar. Ríkisútvarpið hefur oft boðið okkur upp á söngkonur. Þarf ekki að lögsækja fleiri fyrir klám en Jón Óttar?

MAGNÚS ÞÓRDARSON